

## Aðalfundur Rauða krossins á Íslandi 4. maí 2024

### á Grand hótél, Reykjavík

Aðalfundur hófst kl. 09:15

#### Setning fundarins

- Aðalfundur Rauða krossins á Íslandi var formlega settur af Silju Báru R. Ómarsdóttur, formanni Rauða krossins á Íslandi, laugardaginn 4. maí 2024.
- Silja Bára R. Ómarsdóttir, formaður Rauða krossins á Íslandi, minntist látinna félaga síðustu tveggja ára.
- Guðrún Hafsteinsdóttir, dómsmálaráðherra, flutti ávarp.
- Silja Bára R. Ómarsdóttir veitti sjálfboðaliðum viðurkenningu. Þau sem hlutu viðurkenningu voru:
  - Genka Krasteva G. Yordanova, Rauði krossinn við Djúp
  - Guðný H. Björnsdóttir, Rauði krossinn á höfuðborgarsvæðinu
  - Gunnar Frímansson, Rauði krossinn við Eyjafjörð
  - Sesselja Þórðardóttir, Rauði krossinn á höfuðborgarsvæðinu
  - Sveinn Kristinsson, Rauði krossinn á Akranesi
  - Sveinn Þorsteinsson, Rauði krossinn í Vík

#### Aðalfundarstörf skv. 7. gr. laga Rauða krossins á Íslandi

- Fundarstjóri kjörinn, Jóhannes Rúnar Jóhannsson, dómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, tók hann við stjórn fundarins.
- Fundarritarar kjörnir, Margrét Gíslínudóttir og Oddur Freyr Þorsteinsson, starfsfólk Rauða krossins.
- Fundarstjóri úrskurðar um lögmæti fundarins. Kjörbréf fulltrúa deilda voru athuguð jafnóðum. Enginn gerði athugasemd við lögmæti fundar. Við upphaf fundar voru mættir 47 kjörnir fulltrúar frá 18 deildum. Fundurinn telst lögmætur og ákvörðunarbær. Tveir fulltrúar bættust við eftir atkvæðagreiðslu um ársreikning. Einn fulltrúi bættist við þegar kosningu um félagsgjald var lokið og voru því 50 fulltrúar með atkvæðisrétt þegar tillaga um lagabreytingar var tekin fyrir. Þrír fulltrúar bættust við eftir hádegi og voru því 53 fulltrúar með atkvæðisrétt þegar kosning um stjórn fór fram. Einn fulltrúi vék af fundi áður en kosning á varamönnum í stjórn fór fram og voru því 52 fulltrúar með atkvæðisrétt þegar kosning um varamenn, kjörnefnd og siðanefnd fór fram. Teljast því kjörnir fulltrúar 53 frá 18 deildum.
- Fundarstjóri fór yfir dagskrá fundarins. Hefðbundin aðalfundarstörf, farið í lagabreytingar og efnisleg atriði um starfsemi félagsins. Fundurinn samþykkti að leyfa undanþágu frá því að kjörbréf yrðu lesin upp. Gengið var til dagskrár.
- Fundargerð aðalfundar 21. maí 2022 lögð fram til umræðu. Engin athugasemd barst og var fundargerð síðasta aðalfundar staðfest í kjölfarið.

6. Silja Bára R. Ómarsdóttir flutti skýrslu stjórnar um starf Rauða krossins á Íslandi tvö síðastliðin ár og var hún lögð fram til umræðu.  
Enginn tók til máls.
7. Endurskoðaðir reikningar tveggja síðustu ára voru lagðir fram til afgreiðslu, Ívar Kristinsson gjaldkeri stjórnar kynnti og lagði fram til umræðu og atkvæðagreiðslu.  
Enginn tók til máls.  
Ársreikningur 2022 **samþykktur með öllum greiddum atkvæðum (47 atkvæði).**  
Ársreikningur 2023 **samþykktur með öllum greiddum atkvæðum (47 atkvæði).**

### Tillögur stjórnar til næstu tveggja ára

1. Tillaga stjórnar um markmið, áætlanir og forgangsröðun verkefna Rauða krossins næstu tvö ár. Kristín S. Hjálmtýsdóttir framkvæmdastjóri kynnti og lagði fram til umræðu og atkvæðagreiðslu.
  - **Þjónusta og verkefni**
    - i. Aðstoð við flóttafólk
    - ii. Alþjóðaverkefni
    - iii. Geðheilbrigði og félagsleg þátttaka
    - iv. Neyðarvarnir og sálrænn stuðningur
    - v. Skaðaminnkun
    - vi. Skyndihjálp
  - **Innra starf Rauða krossins**
    - i. Virkt og gefandi starf
    - ii. Bæta starfsskilyrði sjálfboðaliða og starfsfólks
    - iii. Faglegur og ábyrgur rekstur og stjórnun

Enginn tók til máls.

Ákvörðun: **Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum (49 atkvæði).**

2. Tillaga stjórnar um skiptingu tekna milli verkefna og deilda næstu tvö ár, sbr. 12. gr., 1. og 2. mgr. Tillaga gerð um óbreytta skiptingu. Ívar Kristinsson gjaldkeri kynnti.
  - I. *Sameiginlegir tekjustofnar*

Sameiginlegir tekjustofnar eru annars vegar framlög Íslandsspila til Rauða krossins á Íslandi og hins vegar hagnaður af framlögum Mannvina.
  - II. *Skipting framlaga Íslandsspila*
    - a. Skipting framlaga Íslandsspila árin 2024 og 2025 skal vera eftirfarandi:
      - i. 3% fer til Sjúkrabílasjóðs
      - ii. 15% fer til deilda og skiptist í samræmi við íbúafjölda. Þó skal framlag til einstakra deilda vera að lágmarki 500.000 krónur
      - iii. 15% fer til verkefnasjóðs
      - iv. 23% fer til alþjóðlegs hjálparstarfs
      - v. 44% fer til landsskrifstofu í innanlandsstarf og almennan rekstur
    - b. Deildir sem eiga, í lok liðins árs, uppsafnað fjármagn sem er hærra en fimmfalt margfeldi framlaga Íslandsspila ársins á undan fá ekki greiddar kassatekjur skv. 2.II.a.ii hér að ofan. Þeirra framlag rennur í verkefnasjóð. Uppsafnað fjármagn er reiknað sem hér segir: Allt fé á bankareikningi og í sjóði að viðbættri allri verðbréfaeign, jafnt skammtíma- sem langtímaverðbréfum að viðbættum skammtímakröfum og að frádregnum skammtímaskuldum.
  - III. *Skipting hagnaðar af framlögum Mannvina*

- a. Hagnaður af framlögum Mannvina reiknast sem allar greiðslur frá Mannvinum að frádregnum öllum kostnaði við þá fjáröflun þ.m.t. söfnun, innheimtu og umsýslu með fjáröfluninni. Skipting hagnaðar af framlögum Mannvina árin 2024 og 2025 skal vera eftirfarandi:
- i. 10% fer til verkefnasjóðs
  - ii. 45% fer til innanlandsstarfs landsskrifstofu
  - iii. 45% fer til alþjóðlegs hjálparstarfs

Enginn tók til máls.

Ákvörðun: **Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum (49 atkvæði).**

3. Tillaga stjórnar um óbreytt félagsgjald næstu tvö árin, þ.e. 4.500 kr. á ári, Ívar Kristinsson gjaldkeri kynnti.

Til máls tóku:

Ásdís Sigurðardóttir, Rauða krossinum í Árnessýslu. Ívar Kristinsson gjaldkeri svaraði.

Ákvörðun: **Samþykkt með miklum meirihluta (47 atkvæði), 2 sátu hjá.**

4. Tillögur að breytingum á lögum Rauða krossinn á Íslandi lagðar fram til umræðu og afgreiðslu. Elín Ósk Helgadóttir, meðstjórnandi í stjórn Rauða krossins á Íslandi, kynnti tillögu.

Til máls tóku:

Gunnar Frímansson, Rauða krossinum við Eyjafjörð. Silja Bára R. Ómarsdóttir formaður svaraði.

Halla Eiríksdóttir, Rauða krossinum í Múlasýslu.

Tillaga um að greiða atkvæði um lagabreytingar í einu lagi er borin undir fundinn.

Ákvörðun: Samþykkt með meirihluta atkvæða.

Tillaga um að greiða atkvæði um þær lagabreytingar sem komu fram í framsögu borin undir fundinn.

Ákvörðun: Samþykkt með meirihluta atkvæða.

Tillaga um lagabreytingu borin upp til kosninga.

Ákvörðun: **Tillaga stjórnar um lagabreytingu telst samþykkt.**

49 atkvæði voru greidd

Já sögðu: 49

Nei sögðu: Engin/n

Sátu hjá: 1

2/3 atkvæða þurfti til að samþykkja tillöguna og telst hún því samþykkt með miklum meirihluta eða 98% atkvæða.

5. Tillaga stjórnar að ályktun aðalfundar um móttöku kvótaflóttafólks. Silja Bára R. Ómarsdóttir formaður kynnti.

Engin/n tók til máls.

Ákvörðun: **Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum (50 atkvæði).**

6. Tillaga stjórnar að ályktun aðalfundar um hættur af vaxandi útlendingaandúð. Silja Bára R. Ómarsdóttir formaður kynnti.

Engin/n tók til máls.

Ákvörðun: **Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum (50 atkvæði).**

### **Kosning stjórnar**

Gunnar Frímannsson úr kjörnefnd gerir grein fyrir tillögum kjörnefndar og kynnir frambjóðendur í hverjum lið fyrir sig.

Tillögur kjörnefndar eru svohljóðandi:

**1. Kosning varaformanns til fjögurra ára.**

Sigríður Stefánsdóttir, Rauða krossinum við Eyjafjörð, verði kosinn varaformaður Rauða krossins á Íslandi til næstu fjögurra ára.

Ákvörðun: **Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum (53 atkvæði).**

**2. Kosning fimm stjórnarmanna til tveggja og fjögurra ára.**

Fundarstjóri kynnti tillögur kjörstjórnar.

Arnbjörg Sveinsdóttir, Rauða krossinum í Múlasýslu, verði kjörin stjórnarmaður til næstu fjögurra ára.

Ákvörðun: **Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum (53 atkvæði).**

Auðbjörg B. Bjarnadóttir, Rauða krossinum á Klaustri, verði kjörin stjórnarmaður til næstu tveggja ára.

Ákvörðun: **Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum (53 atkvæði).**

Ingibjörg Á. Bjarnadóttir, Rauða krossinum á höfuðborgarsvæðinu, verði kjörin stjórnarmaður til næstu fjögurra ára.

Ákvörðun: **Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum (53 atkvæði).**

Jón Ásgeirsson, Rauða krossinum á höfuðborgarsvæðinu, verði kjörinn stjórnarmaður til fjögurra ára.

Ákvörðun: **Samþykkt með miklum meirihluta (50 atkvæði).**

Magnea Gná Jóhannsdóttir, Rauða krossinum á höfuðborgarsvæðinu, verði kjörin stjórnarmaður til fjögurra ára.

Ákvörðun: **Samþykkt með miklum meirihluta (52 atkvæði).**

Óttarr Proppé, Rauða krossinum á höfuðborgarsvæðinu, verði kjörinn stjórnarmaður til fjögurra ára.

Ákvörðun: **Samþykkt með miklum meirihluta (52 atkvæði).**

**Fundinum bárust engin mótframboð.**

**3. Kosning tveggja varamanna í stjórn til tveggja ára.**

Unnsteinn Ingason, Rauða krossinum í Þingeyjarsýslu, verði kjörinn fyrsti varamaður í stjórn

Ákvörðun: **Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum (52 atkvæði).**

Árni Jóhannsson, Rauða krossinum í Vík, verði kjörinn annar varamaður í stjórn

Ákvörðun: **Samþykkt með meirihluta atkvæða (51 atkvæði).**

**Fundinum bárust engin mótframboð.**

#### 4. Kosning skoðunarfyrirtækis til tveggja ára.

Grant Thornton

Enginn tók til máls.

Ákvörðun: **Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum (52 atkvæði).**

#### 5. Kosning tveggja aðalmanna í kjörnefnd til fjögurra ára og tveggja varamanna í kjörnefnd til tveggja ára.

Silja Bára R. Ómarsdóttir kynnti tillögu stjórnar til kjörstjórnar sem eru svohljóðandi.

Kristján Sturluson, Rauða krossinum á höfuðborgarsvæðinu

Ákvörðun: **Samþykkt með meirihluta atkvæða (49 atkvæði).**

Guðný H. Björnsdóttir, Rauða krossinum á höfuðborgarsvæðinu

Ákvörðun: **Samþykkt með meirihluta atkvæða (50 atkvæði).**

Hrund Snorradóttir, Rauða krossinum á höfuðborgarsvæðinu (ekki í kjöri)

Guðrún Vala Elísdóttir, Rauða krossinum á Vesturlandi (ekki í kjöri).

Brynjar Þór Vigfússon, Rauða krossinum í Þingeyjarsýslu verði varamaður

Ákvörðun: **Samþykkt með meirihluta atkvæða (50 atkvæði).**

Guðrún Erla Sumarrós Víðisdóttir, Rauða krossinum á Hornafirði verði varamaður

Ákvörðun: **Samþykkt með meirihluta atkvæða (50 atkvæði).**

**Fundinum bárust engin mótframboð.**

#### 6. Kosning siðanefndar.

Elín Ósk Helgadóttir, kennari við lagadeild HR

Ákvörðun: **Samþykkt með meirihluta atkvæða (47 atkvæði).**

Ragnar Þorvarðarson, sendiráðunautur við sendiráð Íslands í Japan (ekki í kjöri).

Sigurður Kristinsson, heimspekingur og prófessor við félagsvísindadeild HA

Ákvörðun: **Samþykkt með meirihluta atkvæða (47 atkvæði).**

**Fundinum bárust engin mótframboð.**

### Önnur mál

1. Fráfarandi stjórnarmönnum Rauða krossins á Íslandi var þökkuð stjórnarsetan og þeim gefið færi á að þakka fyrir sig.
  - a. Baldur Steinn Helgason
  - b. Elín Ósk Helgadóttir
  - c. Gréta María Grétarsdóttir
  - d. Sveinn Þorsteinsson

2. Tímasetning funda:
  - Formannafundur 09.11.2024
  - Afmæli Rauða krossins 10.12.2024
  - Sjálfboðaliðþing á vormánuðum 2025
  - Aðalfundur 09.05.2026
  
3. Halla Eiríksdóttir, Rauða krossinum í Múlasýsludeild, tók til máls og vakti athygli á stöðu fatasöfnunar og óskaði eftir umræðum um framtíð þess verkefnis í ljósi nýrrar lagasetningar. Kristín S. Hjálmtýsdóttir framkvæmdastjóri og Ívar Kristinsson gjaldkeri svöruðu. Gunnar Frímansson, Rauða krossinum við Eyjafjörð, tók til máls varðandi tvíþætt hlutverk í fatasöfnun sem er söfnun fyrir sveitarfélagið hins vegar og svo flutningur textíls á milli deilda annars vegar. Edda Björk Hjörleifsdóttir, Rauða krossinum í Árnessýslu, tók til máls og varpaði fram spurningu um hlutverk sitt varðandi samskipti við sveitarfélagið. Kristín S. Hjálmtýsdóttir framkvæmdastjóri svaraði.
  
4. Fundarstjóra aðalfundar, Jóhannesi R. Jóhannssyni, þakkað fyrir fundarstjórn.

*Formaður Rauða krossins á Íslandi, Silja Bára R. Ómarsdóttir, sleit aðalfundi Rauða krossins á Íslandi kl. 15:00 og þakkaði fundarmönnum fundarsetu og starfsmönnum fundarins fyrir sín störf.*

---

Silja Bára R. Ómarsdóttir, kt. 230471-5179  
Formaður Rauða krossins á Íslandi

---

Jóhannes Rúnar Jóhannsson, kt. 251264-4819  
Fundarstjóri

---

Margrét Gíslínudóttir, kt. 010888-2989  
Ritari